

Miðvikudaginn 18. október 1967.

Nr. 77/1967. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)  
gegn

**Kristni Reyni Jónssyni**

(Guðlaugur Einarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fjársvik. Tékkamisferli.

### Dómur Hæstaréttar.

Brot ákærða eru í héraðsdómi rétt færð til refsíakvæða. Þykir refsing hans með hliðsjón af 77., 72. og 255. gr. laga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Kristinn Reynir Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. apríl 1967.

Ár 1967, fimmtudaginn 13. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 134/1967: Ákærvaldið gegn Kristni Reyni Jónssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 21. febr. s.l., gegn Kristni Reyni Jónssyni bifreiðarstjóra, Vesturgötu 66 hér í borg, fæddum 14. júlí 1937 í Reykjavík,

„fyrir tékkasvik með því að gefa út á tímabilinu október 1966 til janúar 1967 eftirtalda 14 tékka á ávísanareikning sinn nr. 66737 í Verzlunarbanka Íslands h/f og nota þá í viðskiptum í Reykjavík, án þess að innstæða væri fyrir þeim á bankareikningnum:

1. L. Nr. 52376, kr. 3.500.00, til handhafa, dagsettur 17. október 1966. Seldur í Vesturbæjarútibúi Búnaðarbanka Íslands.

2. L. Nr. 52378, kr. 1.000.00, til Bílaleigunnar Vakurs h/f, dagsettur 17. október 1966. Greiðsla bifreiðarleigu.

3. L. Nr. 52379, kr. 5.500.00, til handhafa, dagsettur 17. október 1966. Seldur í útibúi Útvegsbanka Íslands á Laugavegi 105 í Reykjavík.

4. L. Nr. 52380, kr. 2.200.00, til Andrésar Andréssonar h/f, dagsettur 17. október 1966. Greiðsla fyrir vörur.

5. L. Nr. 52381, kr. 1.670.00, til „Geysir h/f“, dagsettur 17. október 1966. Greiðsla fyrir vörur.

6. L. Nr. 52382, kr. 1.166.00, til handhafa, dagsettur 17. október 1966. Greiðsla fyrir vörur.

7. L. Nr. 52383, kr. 7.045.00, til handhafa, dagsettur 18. október 1966. Greiðsla fyrir vörur.

8. L. Nr. 52384, kr. 7.800.00, til handhafa, dagsettur 18. október 1966. Seldur í Austurbæjarútibúi Búnaðarbanka Íslands.

9. L. Nr. 52387, kr. 7.500.00, til handhafa, dagsettur 18. nóvember 1966. Seldur í Austurbæjarútibúi Landsbanka Íslands.

10. L. Nr. 52388, kr. 7.500.00, til handhafa, dagsettur 18. nóvember 1966. Seldur í Sjarisjóði Kópavogs.

11. L. Nr. 52389, kr. 6.500.00, til handhafa, dagsettur 18. nóvember 1966. Seldur í Langholtsútibúi Landsbanka Íslands.

12. L. Nr. 52391, kr. 8.200.00, til handhafa, dagsettur 13. desember 1966. Greiðsla á skuld.

13. L. Nr. 52393, kr. 12.470.00, til handhafa, dagsettur 10. janúar 1967. Seldur í banka.

14. L. Nr. 52394, kr. 7.200.00, til handhafa, dagsettur 11. janúar 1967. Seldur í banka.

Verknaður sá, sem lýst er í 12. lið, þykir varða við 261. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en verknaðir þeir, sem lýst er í 1.—11., 13. og 14. lið, þykja varða við 248. gr. sömu laga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabótageiðslu og greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Ákærði hefur haft ávísanareikning nr. 66737 í Verzlunarbanka Íslands h/f og kveðst hafa stofnað hann í okt. 1966 með 5 eða 6 þús. króna innleggi, en ekki lagt inn á reikninginn síðan. Reikningnum var lokað 20. október.

Sannað er, að á tímabilinu okt. 1966 til jan. 1967 hefur ákærði gefið út og hagnýtt í viðskiptum 14 tékka á þennan bankareikning, og reyndust tékkarnir innstæðulausir, er þeir voru sýndir til greiðslu.

Tékkar þessir eru taldir í ákæru, og er þeim þar að öllu leyti rétt lýst, eyðublaðsnúmerum, fjárhæðum, viðtakendum og dagsetningum.

Verður nú rakið það, sem fram hefur komið um notkun tékkanna.

1. Ákærði seldi þennan tékka í Vesturbæjarútibúi Búnaðarbanka Íslands.

2. Ákærði tók á leigu bifreið hjá Bifreiðaleigunni Vakri og greiddi leiguna með þessum tékka.

3. Ákærði seldi þennan tékka í útibúi Útvegsbanka Íslands, Laugavegi 105.

4. Staðgreiðsla á frakka, sem ákærði keypti í Klæðaverzlun Andrésar Andréssonar.

5. Staðgreiðsla á vörum, sem ákærði keypti í Verzluninni Geysi.

6. Staðgreiðsla á skóm, sem ákærði keypti í Skóverzlun Péturs Andréssonar, Framnesvegi 2.

7. Staðgreiðsla á fötum, sem ákærði keypti hjá G. Bjarnason & Fjeldsted.

8. Tékka þennan seldi ákærði í Austurbæjarútibúi Búnaðarbanka Íslands.

9. Tékka þennan seldi ákærði í Austurbæjarútibúi Landsbanka Íslands.

10. Tékka þennan seldi ákærði í Sparisjóði Kópavogs.

11. Tékka þennan seldi ákærði í Langholtsútibúi Landsbanka Íslands.

12. Með tékka þessum kveðst ákærði hafa greitt skuld til Valdimars Friðrikssonar, Hamrahlíð 27. Annað hefur ekki upplýstst um tékkann, enda hefur ekki náðst til Valdimars Friðrikssonar.

13. Ákærði sendi hálfbróður sinn Hörð Helga Gilsberg með

tékka þennan til að selja hann í banka, og skyldi hann taka af andvirðinu 4.600 kr. til greiðslu á skuld ákærða við hann. Hörður Helgi fór með tékkann í Landsbankann, opnaði þar tékkareikning og ávísaði strax á 7.800 kr., fékk greiðsluna í hendur og færði ákærða.

14. Tékka þennan fékk ákærði Hörð Helga til að selja fyrir sig í Vesturbæjarútibúi Búnaðarbanka Íslands.

Ákærði hefur ekki greitt neitt af tékkunum og sér ekki fram á, að hann geti það.

Niðurstöður.

Ákærði hefur með sölu tékkanna, sem ákæruliðir 1—11 og 13—14 lúta að, aflað sér fjárvinnings með sviksamlegum hætti og unnið til refsingar samkvæmt 248. gr. alm. hegningarlaga, eins og í ákæru greinir. Fjárvinningurinn nemur samtals kr. 71.051.00.

Með notkun tékkans, er ákæruliður 12 varðar, hefur ákærði gerzt brotlegur við 261. gr. alm. hegningarlaga, eins og í ákæru greinir.

Ákærði var 29. júní 1961 dæmdur í 8 mán. skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað og hefur staðizt skilorð dómsins. Áður (1956) hafði ákæru á hendur honum fyrir þjófnað verið frestað skilorðsbundið.

Hinn 14. febr. 1966 var ákærði dæmdur í 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 248. og 249. gr. hegningarlaga.

Ákærði sættist 24. maí 1965 á greiðslu 15 þús. kr. sektar fyrir brot gegn 261. gr. hegningarlaga.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi eitt ár.

Bótakröfur hafa einungis komið fram frá eftirtöldum tékka-höfum:

1. Bílaleigan Vakur (ákærul. 2), kr. 1.000.00.
2. Fatamiðstöðin (4.), kr. 2.200.00. Fyrirtæki þetta hefur tekið við rekstri Klæðaverzlunar Andrésar Andrésónar s/f.
3. Verzlunin Geysir h/f (5.), kr. 1.670.00.
4. Axel Ólafsson (7.), kr. 7.045.00.

Ákærði hefur samþykkt kröfur þessar. Verða þær teknar til greina.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

#### Dómsorð:

Ákærði, Kristinn Reynir Jónsson, sæti fangelsi eitt ár.

Ákærði greiði í fébætur:

1. Bílaleigunni Vakri kr. 1.000.00.
  2. Fatamiðstöðinni kr. 2.200.00.
  3. Verzluninni Geysi h/f kr. 1.670.00.
  4. Axel Ólafssyni kr. 7.045.00.
- Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.  
Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 18. október 1967.

Nr. 21/1967. **Hótel Saga** (Sveinbjörn Jónsson hrl.)  
 gegn  
**Gjaldheimtunni í Reykjavík og gagnsök**  
 (Guðmundur Vignir Józefsson hrl.).

**Dómenndur:**

hæstaréttardómaramarnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Lögtak. Aðstöðugjald.

**Dómur Hæstaréttar.**

Sigurður Grímsson, settur borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. febrúar 1967. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi, synjað verði um framkvæmd lögtaks og honum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda í fógetadómi og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 16. febrúar 1967. Hann gerir þær dómkröfur, að fógetaúrskurðurinn verði staðfestur og lögtak leyft í eignum aðaláfrýjanda, þó einungis til tryggingar eftirstöðvum aðstöðugjalds að fjárhæð kr. 45.500.00 með 12% ársvöxtum frá 8. nóvember 1966 til greiðsludags auk lögtakskostnaðar. Þá krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar í fógetadómi og fyrir Hæstarétti.